

Ræða Björn Snæbjörnssonar, formanns Einingar-Iðju, á aðalfundi félagsins 2023

Ágætu félagar,

Það eru ákveðin tímamót þegar haldinn er aðalfundur í félaginu okkar. Þar förum við yfir atburði síðasta árs, þá sem hafa gengið vel og þá sem hafa gengið síður. Þessi yfirferð sýnir að mikið hefur verið að gera hjá okkur.

Undirbúningur síðustu kjarasamninga reyndi verulega á félagsstarfið en í leiðinni kom í ljós hve tengslin innan félagsins eru raunverulega góð. Það vantar stundum í umræðuna að **félagið er fólkið sem í því er**, en ekki aðeins stjórnin eða starfsmenn á skrifstofu. Styrkur félagsins liggur í þessum góðum tengslum milli stjórnarinnar og félagsmanna.

Árið 2022 var undirbúningsár fyrir kjarasamningana, sem voru undirritaðir 3. desember sl. Það var frábært að vinna með öllum þeim sem lögðu hönd á plóg við undirbúning og aðkomu að kröfunum, allir í trúnaðarráðinu, samninganefndinni og ekki síst öllum trúnaðarmönnum sem leggja sitt að mörkum við að koma boðskap félagsins til starfsfélaga sinna og ekki síður að upplýsa okkur á skrifstofunni um stöðu mála á hverjum vinnustað fyrir sig.

Það að hafa öflugt trúnaðarmannakerfi er gullskista hvers félags, trúnaðarmenn eru augu félagsins á hverjum vinnustað og fylgist með að allt sé í lagi er varðar réttindi og skyldur starfsfólks. Við höfum lagt mikið upp úr því að trúnaðarmenn sækji námskeið til að efla sig í hinu dýrmæta hlutverki sem trúnaðarmaður.

Margir atvinnurekendur hafa sagt við mig að góður trúnaðarmaður sé gulls ígildi á vinnustað, ekki meint svo að hann sé að samþykkja allt sem hans yfirmaður segir heldur hefur kynnt sér málin og veit hvað er rétt og passar þannig upp á sína vinnufélaga. Svo eru til aðrir atvinnurekendur sem gera í því að hafa ekki trúnaðarmann á sínum vinnustöðum, *ætli það sé hræðsla um að þeir verði nappaðir á einhverju ólöglegu eða hvað ?*

Við þessa atvinnurekendur segi ég, *eru þið að fela eitthvað?* ef svo er þá mun það fréttast og mun hafa sínar afleiðingar fyrir viðkomandi því að við sofum ekki á verðinum, upp koma svik um síðir. Af hverju er mér svona tíðrætt um trúnaðarmennina og þeirra kraft og þor. Það er vegna þess að í þau 42 ár sem ég hef starfað að verkalýðsmálum eru það trúnaðarmennirnir sem hafa og eru drifkrafturinn í félagi eins og Einingu-Iðju.

Síðasta ár var samningaár og félögin í Starfsgreinasambandi Íslands gengu frá kröfum sínum og lögðu fram kröfugerð við SA þann 22. júní sl.

Lítið gerðist yfir sumarið en við byrjuðum að ræða málin í september. Það kom fljótt í ljós vegna mikilla óvissu í þjóðfélaginu, vegna vaxandi verðbólgu og vaxta, einnig vegna stríðsins í Úkraínu að það væri ekkert vit í að gera samning til lengri tíma. Því varð úr að við ræddum og gerðum skammtímasamning þann 3. desember sl. Þetta var í fyrsta skipti sem ég hef skrifað undir samning sem tekur gildi um leið og fyrri samningur rennur út á almenna markaðnum. Svona á að gera þetta, það á ekki að draga samninga í marga mánuði því þá eru launamenn að tapa auknum réttindum í jafnvel fjóra til fimm mánuði eins og oft hefur gerst.

Starfið í verkalýðshreyfingunni undanfarna mánuði hefur því miður einkennst af sundurlyndi og svívirðingum í garð hvers annars. *Er þetta að skila árangri í okkar baráttu ?*

ég segi nei, ef við viljum láta taka mark á okkur í okkar ágæta þjóðfélagi þá hættum við þessum skrípaleik og það strax. Það hefur verið látið í veðri vaka af sumum innan hreyfingarinnar að við í SGS eða þessi 17 félög sem sömdu hafi látið SA plata okkur á einhvern hátt. Ég vil segja við þá sem halda slíku fram og jafnvel fóru í verkfall til að ná meira en fengu lítið til viðbótar að þetta voru hörku samningar og árangurinn var góður. Ég hef ekki áður komið að samningum með svona launahækkunir, mesta launahækkunin sem ég veit um

var 104.000 kr., flestir voru með yfir 40.000 kr. hækkun og margir náðu yfir 50.000 kr. á mánuði.

Í viðræðunefnd innan SGS í þessum samningum voru Vilhjálmur Birgisson, Guðbjörg Kristmundsdóttir, Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir og ég. Þessi hópur vann að mínu mati stórkostlegan sigur og hafði kjark og þor til að takast á við verkefnið, en ekki fara í fílu og hlaupa út eins og sumir gerðu og þurfa síðan að gera sama samning nokkrum dögum síðar.

Ekki hefur alltaf verið samhljómur í því sem við Vilhjálmur Birgisson höfum gert eða sagt en núna unnum við, þessi fjögur, sem einn maður við samningagerð. Takk Villi, Hjördís og Guðbjörg fyrir frábært samstarf og takk allir formenn félaganna sem stóðu að þessu samkomulagi. Þessir samningar voru samþykktir með 87% atkvæða innan SGS, þetta er verkefni sem við þurfum að vinna þrotlaust áfram og sérstaklega leggja áherslu á þá sem verst standa.

Það er skrítið að hlusta á endalausán áróður um að þessi samningur sé ekki nógu góður fyrir höfuðborgarsvæðið og það þurfi meiri hækkun þar, því þar sé svo dýrt að búa. Einnig allt tal um að Efling hafi verið skilin eftir. Þau vildu ekki starfa með SGS og veittu sambandinu ekki umboð eins og hin 17 félögin gerðu. Efling setti fram sínar kröfur 31. október og kynntu þær 5 dögum eftir að samningar runnu út, en við gerðum það 22. júní og lukum svo samningum 3. desember á meðan Efling vísaði deilunni til sáttasemjara þann 5. desember.

Það hefur margt verið skrumskjælt í áróðri þeirra gagnvart okkar samningi. Ef eitthvað hefur þjappað mönnum saman á landsbyggðinni þá er það þessi áróður og dylgjur sem á okkur hafa dunið.

Höfum það í huga að ef á að fara að gera kjarasamninga eftir landshlutum eða stöðum þá erum við búin að eyðileggja samtakamáttinn í hreyfingunni. Nú er hafinn undirbúningur að næstu lotu og eins og staðan er í dag þá er ég ekki að

sjá að langtímasamningur taki við þann 31. janúar 2024. Því til að gera langtímasamning þarf landslagið að vera öðruvísi en það er í dag.

Ég hugsa oft um skipulagsmál hreyfingarinnar og tel að við á landsbyggðinni þurfum að vera á verði gagnvart mögulegri ásælni stórra félaga í Reykjavík.

Við á landsbyggðinni þurfum að átta okkur á stöðunni. Stækkum við ekki og eflum okkur munu stóru félögin í Reykjavík breyta sér í landsfélög og gleypa minni félögin. Þá verða félögin úti á landi útibú frá höfuðstöðvunum í Reykjavík. *Dettur einhverjum í hug að það sé betra fyrirkomulag?* Sameining er nauðsynleg og félög munu neyðast til að sameinast áður en langt um líður. Félagsfólk mun ekki setta sig við óbreytt ástand, það greiðir félagsgjaldið til að fá þjónustu, en smærri félög skortir oft sérhæfingu til að veita þá þjónustu og það er fólkið sem á félagið sitt.

Við megum ekki gleyma okkur og tel ég að mjög skorti á að landsmenn geri sér almennt grein fyrir því að helstu stöðir nútíma velferðarríkis eru reistar á réttindabaráttu verkafólks, þetta eru ekki verk pólitíkusa. Kjörin og réttindin hafa fengist með linnulausri baráttu. Við höldum þessum árangri ekki nógu vel á lofti. Oft erum við upptekin af neikvæðum hlutum í forustu hreyfingarinnar. *Af hverju ættu félagsmenn að vera ánægðir ef forustan er það ekki?*

Við höfum gert marga frábæra samninga, við höfum náð mjög miklum árangri og við höfum haft afgerandi áhrif á mótun samfélagsins, almenningi öllum til heilla. Auðvitað eigum við að segja frá þessu og standa keik fyrir því sem við gerum og höfum gert.

Ef við horfum til nánustu framtíðar blasir við að verkefni verkalýðshreyfingarinnar verður að berjast gegn vaxtaokri banka og verðhækkunum fyrirtækja sem þau réttlæti með tilvísun til mikillar verðbólgu. Vextirnir, okrið og húsnæðismálin eru stærstu hagsmunamálin nú um stundir, sérstaklega með tilliti til viðkvæmari hópa á borð við ungt fólk, leigjendur og

fyrstu kaupendur húsnæðis. Barátta okkar er og verður sú að ná að hækka lægstu launin þannig að fólk geti lifað sómasamlegu lífi. Það breytist ekki.

Eftir að hafa unnið í hreyfingunni yfir 40 ár tel ég að stærsta verkefnið framundan verði að halda í það sem við höfum þegar náð. Sterk öfl sækja gegn verkalýðshreyfingunni. Við höfum sofið á verðinum og við verðum að gera félagsmönnum ljóst hversu dýrmætt það er að halda því sem við höfum náð fram. Ógnin er m.a. stuðningur á frumvarpi þingmanna Sjálfstæðisflokksins um félagafrelsi á vinnumarkaði sem lagt var fram síðasta haust. Tilgangurinn að baki frumvarpinu var að tryggja atvinnurekendum rétt til að ákveða hvort og þá í hvaða stéttarfélagi starfsfólk þeirra verði. Þetta er skipulögð aðför að sjálfum grundvelli hreyfingarinnar og félagskerfi launafólks í landinu. Ég vona að stjórnámálamenn geri sér ljóst hversu mikilvæg verkalýðshreyfingin er fyrir velferðarstigið og sjálfa samfélagsgerðina. Nái þetta frumvarp fram að ganga er framtíð hreyfingarinnar ekki björt.

Sjálfur seðlabankastjóri sagði á ársfundi bankans að ekki næðist að ná niður verðbólgu nema að ASÍ væri sterkt og sameinað. Verkalýðshreyfingin væri undirstaða velferðar á Íslandi.

Nú er starfstíma mínum að ljúka, ég er að fara í langa fríið. Þann 1. maí nk. eru 41 ár síðan ég hóf störf hjá Verkalýðsfélaginu Einingu. Þetta hafa verið frábær ár og ef ég mætti velja hvort ég mundi fara aftur í þetta starf þá mundi ég segja já. Það er svo gefandi að umgangast ykkur kæru félagar og ekki síst að ná árangri í að þið náði réttindum ykkar og að allt sé eins og samningar segja til um.

Oft hafa verið umbrotatímar og að vera formaður í stéttarfélagi er ekki eitthvað sem gerir mann vinsælan heldur er oft gremja yfir einhverju látin bitna á formanni í umræðunni. En ég vil minna þá sem taka við keflinu á að Eining-Iðja er stærsta félagið á landsbyggðinni og annað stærsta innan SGS og takið það sem ykkur ber, verið í forustu innan hreyfingarinnar þar hafið þið mestu

möguleikanna á að hafa áhrif. Gefið aldrei eftir þó að ykkar persónulegi metnaður segi annað, hafið félagsmenn ykkar í huga. Það að vera í stafni tryggir að þið hafið áhrif og vinnið þannig best að hagsmunamálum ykkar kæru félagar.

Það hafa verið mannaskipti á skrifstofunni undafarið, hún Svana hætti sem ráðgjafi hjá Virk, Magdalena hætti í afgreiðslunni en þeim þakka ég fyrir þeirra störf. Inn komu Katla sem nýr ráðgjafi hjá Virk og Ríkharð sem verkefnisstjóri Vinnustaðaeftirlitsins en þau bíð ég velkomin til starfa.

Starfsfólki félagsins öllu færi ég mínar bestu þakkir fyrir góð störf og ekki síst þann óbilandi vilja að gera félagið að því fyrirmyndarfélagi sem Eining-Iðja er.

Takk fyrir öll samskiptin á þessum 41 árum, ég mun ylja mér í langa fríinu við allar þær góðu minningar sem ég á af samskiptum við ykkur frábæru félagar og vinir.

Nú sný ég mér að hefðbundinni skýrslu.

Aðalfélagar í árslok 2022 voru 8.226. Fjöldi félaga og breytingu á milli ára má sjá á bls. 15.

5.019 félagsmenn fengu einhverskonar styrk eða endurgreiðslu kostnaðar á árinu miðað við 4.730 árið áður. 1.031 fengu starfsmenntastyrki, 2.128 fengu styrki úr sjúkrasjóði, 1.642 fengu orlofsstyrk eða orlofshús og 218 einstaklingar fóru í orlofsferð á vegum félagsins eða í leikhús þetta starfsárið.

Varðandi greiðslur til félagsmanna á árinu þá voru þær alls um 378 milljónir króna, sem er hækkun á milli ára um 20 milljónir. Greiðslur úr sjúkrasjóðnum voru rúmar 221 milljón. Greiðslur úr fræðslusjóði rúmar 66 milljónir og úr orlofssjóði rúmar 90 milljónir.

Hermann Brynjarsson mun fara yfir reikninga félagsins hér á eftir, en á bls. 15 í skýrslunni má sjá lykiltölur og samanburð við árið á undan.

Ef við lítum á helstu styrki úr félagssjóði á síðasta starfsári, þá fékk Velferðarsjóðurinn á Eyjafjarðarsvæðinu styrk að upphæð kr. 1.100.000, Hollvinir SAk kr. 250.000, Göngudeild Lyflækninga SAk kr. 100.00 og Iðnaðarsafnið á Akureyri vegna HÚNA II kr. 100.000.

Á bls. 10 má finna fjárveitingar úr sjúkrasjóði. Alls fengu 229 félagsmenn dagpeninga eða dánarbætur, alls rúmar 180 milljónir miðað við rúmar 172 milljónir árið áður. 1.899 fengu styrki, alls um 41,4 milljón miðað við um 38,1 milljón árið áður.

Alls fengu því 2.128 félagsmenn greitt á síðasta ári úr sjóðnum, alls rúmar 221,5 milljónir sem er hækkun um 11 milljónir milli ára.

Vert er að minna á samstarfssamning sem félagið er með við SÍMEY með það að markmiði að skapa enn fleiri möguleika fyrir félagsmenn til að sækja sér fræðslu og auka við starfstengda hæfni sína.

SÍMEY býður upp á fjöldamörg námskeið sem eru bæði starfstengd og tengd áhugamálum hvers og eins. Áhugasamir geta kíkt á [www.simey.is](http://www.simey.is) til að sjá framboð námskeiða.

Vegna áhrifa Covid 19 ákváðu stjórnir Landsmenntar, Ríkismenntar og Sveitamenntar á árinu 2020 að setja af stað átak í fræðslu. Hluti átaksins fólst í því að endurgreiðsluhlutfall styrkja hækkaði tímabundið úr 75% í 90% hjá bæði fyrirtækjum og til einstaklinga.

Nú er átakanu lokið og stjórnir sjóðanna hafa ákveðið að endurgreiðsluhlutfallið verði 80%.

Að hámarki geta félagsmenn fengið styrk að upphæð kr. 130.000 á ári, en félagsmenn sem ekki hafa nýtt sér rétt sinn síðustu þrjú ár, eiga rétt á styrk allt að kr. 390.000 fyrir eitt samfellt nám/námskeið skv. reglum sjóðanna.

1.031 félagsmenn, 607 konur og 424 karlar, fengu einstaklingsstyrki úr sjóðunum. Þetta er aukning um 55 félagsmenn frá árinu áður. Upphæðin sem greidd var hækkaði um tæpar 6 milljónir og var rúmar 66,3 milljónir.

Á bls. 11 sjáið þið aldursdreifingu styrkþega og yfirlit yfir helstu námskeið. Tengiliður við menntasjóðina er Aðalbjörg G. Hauksdóttir og hefur hún einnig umsjón með félagslegri fræðslu hjá félaginu.

Anna Júlíusdóttir sér um starfs- og tómstundanámskeið sem félagið heldur. Endilega hafið samband við hana ef þið eruð með hugmynd um námskeið.

Félagið á 21 orlofshús og sex orlofsíbúðir. Eitt orlofshús mun bætast við í vor þegar tekið verður í notkun hús sem nú er í byggingu í Húsafelli í Borgarfirði. Auk húsa og íbúða sem eru í eigu félagsins var Eining-Iðja með orlofsbústaði víðsvegar um landið í skiptum fyrir orlofshús á Illugastöðum. Einnig tók félagið á leigu nokkur hús.

Nýting orlofshúsanna hefur verið mjög góð.

Ég vil minna á að gæludýr eru stranglega bönnuð í öllum húsum og íbúðum félagsins.

Fyrirtækið Sólar ehf. hefur umsjón á íbúðum félagsins á höfuðborgarsvæðinu. Leigjandi þarf ekki að þrifa íbúðina eftir leigutíma, en auðvitað þarf að skila henni fullfrágenginni og snyrtilegri. Leigutakar þurfa sjálfir að þrifa orlofshúsin áður en þeim er skilað.

Best er að skilja við hús og íbúðir eins og við viljum koma að þeim. Verði vanhöld á þrifum, að mati umsjónarmanns á viðkomandi svæði, má búast við að leigutaki þurfi að borga þrifagjald.



Félagar! Höfum í huga að orlofshúsin eru sameign okkar allra og því er nauðsynlegt að við sameinumst um að ganga um þau með því hugarfari.

Félagið úthlutaði 300 orlofsstyrkjum sem við köllum “Orlof að eigin vali”, hver styrkur var að hámarki 26.000 krónur.

Í fyrra var boðið upp á þrjár ferðir fyrir félagsmenn, en vegna Covid var utanlandsferðinni aflýst. Í ár eru í boði tvær ferðir, dagsferð fyrir eldri félagsmenn í júní og dagsferð fyrir alla í ágúst. Nánar má fræðast um þessar ferðir á heimasíðu félagsins.

Alltaf er mikið um fundi hjá félaginu, m.a. í aðalstjórn og deildarstjórnnum, í svæðisráðum, trúnaðarráði og samninganefnd, vinnustaðafundir, fundir með einstökum hópum um tilfallandi mál og síðan eru starfsmenn oft kallaðir til aðstoðar við lausn ýmissa mála á vinnustöðum. Fjölmargir aðrir fundir hafa verið haldnir, t.d. með trúnaðarmönnum um ýmis mál. Einnig mættu fulltrúar félagsins á ýmsa aðra fundi fyrir hönd þess.

Tveir fundir voru haldnir í trúnaðarráðinu, umfjöllum um þá má finna á bls. 13 í skýrslunni.

Uppstillingarnefnd hélt tvo fundi og eins og undanfarin ár gekk mjög vel að fá fólk til að gegna störfum fyrir félagið.

11 fundir voru haldnir í stjórn félagsins þar sem fjölmörg mál voru tekin fyrir. Vert er að benda á að stjórnarmenn fá afhent á hverjum fundi uppfært yfirlit yfir rekstur félagsins. Þannig veit stjórnin alltaf hvernig staðan er miðað við áætlun sem gerð er í upphafi hvers árs.

Á bls. 6 og 7 í skýrslunni er farið yfir helstu mál sem tekin voru fyrir á stjórnarfundunum.

Á hverju ári eru haldnir nokkrir almennir félagsfundir á þéttbýlissvæðunum utan Akureyrar, engin breyting varð á því þetta starfsárið.

Undanfarin ár, fyrir utan Covid árin, er búið er að halda fjölmarga vinnustaðafundi, þar sem átt hafa sér stað góðar umræður. Á slíkum fundum er gott að miðla upplýsingum til félagsmanna. Trúnaðarmenn eru hvattir til að vera duglegir að halda slíka fundi og fá starfsmenn félagsins á þá.

Aðalfundir starfsgreinadeildanna fóru fram í byrjun febrúar og var loks hægt að hafa þá á ný í raunheimi eftir að hafa verið rafrænir síðustu tvö ár. Góð mæting var á fundina sem tókust mjög vel. Í upphafi var sameiginleg dagskrá þar sem Sigríður Ólafsdóttir, Mannauðsstjóri hjá Mögnum, var með fyrirlestur um samskipti á vinnustað. Skýrslur stjórnna má finna á heimasíðu félagsins. Formenn og vaformenn deilda eru sjálfkjörnir í stjórn félagsins.

Í júní 2022 var haldinn ársfundur Stapa, í september fór fram 8. þing ASÍ-UNG og 37. þing Alþýðusambands Norðurlands og í október fór fram 45. þing ASÍ. Þá fóru fram rafrænir fulltrúaráðsfundir Stapa í maí og desember 2022 og í apríl 2023. Á bls. 13 og 14 í skýrslunni má lesa nánar um fundina og þingin, þar sem Eining-Iðja átti að sjálfsögðu fulltrúa.

Undanfarin ár hefur félagið gefið út þrjú blöð ár hvert, orlofsblað, sumarblað og jólablað. Þessi blöð lifa áfram á heimasíðu félagsins, en blöðin voru borin út á öll heimili og fyrirtæki á félagssvæðinu, í um 12.000 eintökum.

Heimasíðan var eins og áður vel virk og mjög vel sótt af félagsmönnum og öðrum. Ég hvet alla til að skrá sig á póstlista félagsins, það er ef þú ert ekki þegar skráður.

Félagið er líka á Facebook og ekki væri verra að fá eins og eitt like frá ykkur. Ýmsar tilkynningar detta líka inn á Instagram síðu félagsins þannig að það er um að gera að fylgjast líka vel með henni. Ef þið viljið koma einhverjum ábendingum varðandi hana til okkar þá er best að hafa samband við hann Ödda.

Á starfsárinu var opnað fyrir Mínar síður félagsins. Þar geta félagsmenn skráð sig inn og séð ýmsar upplýsingar um sig sem félagið hefur, séð punktastöðu,

skoðað og sótt um orlofshús og séð greiðslur frá félaginu. Einnig getur félagsmaður nú skoðað og sótt rafrænt um styrki sem í boði eru í sjúkrasjóði og í fræðslusjóði.

Ég hvet félagsmenn til að skrá sig inn til að prófa síðuna. Ef þið lendið í vandræðum með innskráninguna þá er starfsfólk félagsins boðið og búið að aðstoða ykkur. Félagsmenn hafa nú aðgang að tölvu í afgreiðslunni á Akureyri þar sem þeir geta sent inn rafrænar umsóknir eða sótt um orlofskosti. Starfsmenn félagsins á Dalvík og í Fjallabyggð eru einnig tilbúnar til að aðstoða þá sem til þeirra koma að senda inn rafrænar umsóknir og panta eða sækja um orlofskosti.

Eining-Iðja þarf að hafa réttar bankaupplýsingar til að geta borgað út styrki úr sjóðum félagsins og símanúmer og netfang félagsmanna til að hafa samband ef þörf krefur. Félagsmenn, skoðið vel og lagið á síðunni ef þarf bankaupplýsingar, símanúmer og netföng.

Nú er hægt að nálgast rafræn félagsskírteini á Mínum síðum Einingar-Iðju. Það getur verið hentugt að hafa skírteinið í símanum ef félagsmenn vilja nýta sér þá afslætti sem í boði eru og fram koma á Mínum síðum. Félagsmenn njóta veglegra tilboða og sérkjara hjá fyrirtækjum og samstarfsaðilum víða um land.

Við, sem störfum á skrifstofunum þökkum fyrir öll góðu samskiptin á árinu og vonum að okkur hafi tekist að greiða úr sem flestu af því sem komið var með til okkar, hvort sem var í heimsóknum, síma eða á neti.

Vonandi eigum við góð samskipti áfram og berum gæfu til að gera góða hluti á komandi starfsári.

Að lokum vil ég þakka öllum sem ég hef starfað með á árinu fyrir samstarfið.

Það er óendanlega gaman að vera í sambandi við allt það fólk sem maður hittir, bæði á skrifstofunni og á fundum, og ekki síst á fönnum vegi.

Takk fyrir mig í þessi 41 ár og takk fyrir hönd starfsmanna félagsins.